



Hjörvi 30

Vörunr. 8330

Lýsing

Hjörvi 30 (8330) er vatnspynnaleg akrýlplastþeytumálning ætluð á við og léttmálma. Málningin inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Málningin er auðvelt í notkun, fljótpornandi og heldur lit og gljáa sérlega vel.

Notkun

Hjörvi 30 (8330) er ætlaður á allt tréverk, galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun. Málningin hefur góða viðloðunareiginleika og hentar vel til endurmálunar á fleti áður málaða með alkýlmálningum eða hefðbundnum plastmálningum. Hjörvi 30 inniheldur efni til varnar gróðurmyndun.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Staðallitir og NCS-litakerfi	Purrefni: 40 % (rúmmál)
Gljástig: 30	Þynnir: Vatn
Pakningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Vatn
Efnisnotkun: 6-8 m ² /l	Þurrktími: 1 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Yfirmálun: Þegar þurr.

Undirmálun

Grunnið málma með t.d. Hemukrýl bitgrunni (1820), Hempalin menju (1320), Hempels sinkgrunni (1649), Hempels Þakgrunni (1387), Hempadur epoxy, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Við nýmálun á tréverki skal grunna með Viðar grunnvörn (2415) og grunnmálningu (2420).

Áhöld

Pensill, rúlla eða málningarsprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Verksmiðjugrunnaður og nýr viður, litaður eða grunnfúavarinn viður: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með klórblöndu. Grunnið þurran viðinn með Viðar grunnmálningu (2420). Þar sem vatn mæðir mikið á viðarflötum, s.s. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta viðinn vel með Viðar grunnvörn og grunnmála síðan með Viðar grunnmálningu. Málið 2 umferðir með **Hjörva 30**. Á fleti sem mikið mæðir á, t.d. botnlistar í gluggum, skal mála 3 umferðir.

Áður málaður viður: Fjarlægið sót, olú o.þ.h. með málningarhreinsi og vatni. Gróður og myglu skal þrifa burt með klórblöndu. Fjarlægið öll óhreinindi, laust og sprungið yfirborð. Mattið gljáandi fleti með sandpappír. Bletta skal ber svæði með Viðar grunnvörn og Viðar grunnmálningu (2420). Þar sem vatn mæðir mikið á viðarflötum, s.s. á endatré og samskeyti, er nauðsynlegt að metta viðinn afar vel með Viðar grunnvörn (2415) og grunnmála síðan með Viðar grunnmálningu (2420). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Hjörva 30**. Á fleti sem mikið mæðir á skal mála 3 umferðir.

Galvanhúðaðir fletir, ál og litaðar klæðningar: Fjarlægið fitu og önnur óhreinindi með olúhreinsi og háþrýstipvotti. Gangið úr skugga um að flöturinn sé hreinn og þurr fyrir málun. Sé ryð farið að brjótast út skal burstað burt og bletta með ryðvarnargrunni, t.d. Hempels þakgrunni. Grunnið nýja galvanhúð og ál með viðeigandi grunni. Rétt er að gera viðlöðunarprufu á lituðum járnklæðningum. Við endurmálun getur jafnframt þurft að heilgrunna með viðeigandi grunni mjög veðruð og kölluð yfirborð.

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viður skal vera vel þurr áður en grunnað er með Viðari grunnmálningu (2420).
- **Hjörva 30** þarf að bera ríflega á til að nauðsynleg filmuþykkt náist á málma.
- Málið ekki fleti kaldari en + 5 °C, né heldur fleti sem sól skín beint á.
- Varasamt getur verið að mála með vatnspynnanlegum málningum utanhúss þegar von er á næturfrostri.
- Það skal ekki mála með **Hjörva 30** á ómálaðan við án þess að grunna fyrst með Viðar grunnvörn og Viðar grunnmálningu (2420).

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Hjörva 30** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.